



Skólanámskrá Austurkórs



Útgáfuár: 2025

Leikskólastjóri: Lilja Vattnes Bryngeirsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Svanhvít Friðriksdóttir

Inngangur.....	5
Sýn á nám leikskólabarna	6
Barnsýn.....	7
Leikskólinn Austurkór.....	8
Hugmyndafræði Austurkórs	9
Félagsleg hugsmíðahyggja	9
Lev Vygotsky	9
Reggio Emilia	10
Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi	11
Grunnbættir menntunar.....	11
Læsi og samskipti	11
Málörvun.....	11
Samverustundir	12
Sjálfbærni og vísindi	12
Ævintýraferðir.....	12
Náttúra og umhverfi	13
Lýðræði og mannréttindi	13
Heilbrigði og Velferð	14
Hreyfing	14
Borðhald	15
Svefn og hvíld	15
Hreinlæti.....	15
Að koma og fara	15
Sjálfs hjálpar	15
Útivera	16
Sköpun og menning.....	16
Listsköpun	16
Tónlist og söngur.....	17
Hlutverk leikskóla	17
Leiðarljós Austurkórs	18
Trúnaður – og tilkynningarskylda	18
Gildi skólans og lotur	18

Samvinnulota	19
Lýðræðislota	19
Atorkulota	19
Aldursblöndun	19
Dagskipulag.....	20
Flæði.....	20
Kosning	20
Nám án aðgreiningar	20
Hefðir og viðburðir	21
Fjölfundir.....	21
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	22
Leikur og nám.....	23
Sjálfsprottinn leikur.....	23
Yngstu börnin.....	23
Valdefling	23
Fjölskynjun	24
Hlutverk kennara í leik barna	24
Blær	24
Hugafrelsi	24
Lubbi	24
Numicon.....	25
Útinám.....	25
Kennaraþing.....	25
Sjálfstýrandi þing	26
Námsumhverfi	26
Fjölskyldan og leikskólinn	26
Inngilding.....	27
Fullgilding.....	27
Farsæld barna.....	27
Skólaþjónusta.....	28
Tengsl skólastiga.....	28
Mat og eftirlit	28

Mat á námi og velferð barna	29
Mat á leikskólastarfi	30
Innra mat í leikskólum	30
Endurmat á námsþáttum	31
Starfsáætlun deilda	31
Starfsmannasamtöl	31
Ferilmappa	31
Ytra mat í leikskóla	32
Starfsáætlun skólans	32
Starfsfólk	32
Samstarf við foreldra	33
Upplýsingar	33
Aðlögun	33
Aðlögun milli deilda	34
Kynningafundur	34
Foreldrafundur	34
Foreldrasamtöl	34
Heimasíða	35
Foreldrafélag	35
Foreldraráð	35
Öryggismál	35
Áfallaráð	36

Inngangur

Skólanámskrá byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og 2023, [Handbók um leikinn](#) 2023, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Þetta er leiðavísir fyrir menntunar- uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskólans. Aðalnámskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs auðvelda eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfsins.

Á grunni aðalnámskrár og skólanámskrá leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nær samfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að tryggja börnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
2. Að marka starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra

Starfsáætlun er gerð árlega og styður við endurmat á starfinu. Umbætur á leikskólastarfinu geta leitt til breytinga á skólanámskrá leikskólans. Skólanámskrá leikskólans er þess vegna endurskoðuð á fimm ára fresti. Skólanámskrá öðlast gildi eftir að leikskólanefnd hefur staðfest hana að undargenginni umsögn foreldraráðs. Leikskólar eiga samkvæmt lögum og Aðalnámskrá leikskóla að gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfshættir leikskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf leikskóla Kópavogs byggir á:

- [Lögum um leikskóla](#)
- [Aðalnámskrá leikskóla](#)
- [Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla](#)
- [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- Aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs
 - [1-2ja ára, 3-4 ára, 5 ára börn](#)
- [Stefnum](#) og samþykktum Kópavogsbæjar
 - [Menntastefna](#)
 - [Mannauðsstefna](#)
 - [Jafnréttis- og mannréttindastefna](#)
 - [Umhverfisstefna](#)
 - [Stefna](#) Kópavogsbæjar gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO)
 - [Lýðheilsustefna Kópavogsbæjar](#)
 - Viðmið um málstefnu í skóla- og frístundastarfi

- [Næringarstefna leikskóla Kópavogs](#)

Barnsýn

Í Austurkór horfum við á börnin sem hæfileikaríka einstaklinga og viljum vinna með styrkleika þeirra á margvíslegan og fjölbreyttan hátt. Við lítum á að börn séu í eðli sínu skapandi og að skólastarfið eigi að veita fjölbreytt tækifæri til sköpunar með margvíslegum efnivið. Austurkór er lærdómssamfélag þar sem hver samfélagsmeðlimur skiptir miklu máli og mikilvægt er að rödd hvers og eins heyrist. Þessi samfélagssýn endurspeglast í merki skólans sem er hús byggt úr púslum. Hvert okkar er eitt púsl í heildarmyndina Austurkór.

Leikskólinn Austurkór

Leikskólinn Austurkór er sex deilda leikskóli, sem var formlega opnaður 1. febrúar 2014 við hátíðlega athöfn. Leikskólinn er staðsettur við götuna Austurkór í Kórahverfinu í Kópavogi. Í leikskólanum dvelja um 116 börn. Þau eru eins til sex ára gömul og eru á sex deildum.

Starfsfólk leikskólans er fjölbreyttur hópur sem er einbeittur í að byggja upp metnaðarfullt og faglegt starf. Áherslur skólastarfsins í Austurkór eru: námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru Samvinna - Lýðræði - Atorka og einkennisorð skólans eru Austurkór - þar sem ævintýrin gerast.

Austurkór er opinn frá 7:30-16:30. Samkvæmt dvalarsamningum Kópavogsbæjar er leikskólinn lokaður í fjórar vikur á sumrin og hálfan dag fyrir og eftir lokun.

Leikskólastjóri Austurkórs er Lilja Vattnes Bryngeirsdóttir.

Leikskólinn Austurkór

Austurkór 1

203 Kópavogur

S: 441-5100

austurkor@kopavogur.is

Heimasíða Austurkórs: <http://austurkor.kopavogur.is/>

Hugmyndafræði Austurkórs

Skólastarfið í Austurkór er unnið í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og byggir á félagslegri hugsmíðahyggju. Við horfum til kenninga Vygotsky um nám og þroska barna og þeirrar hugmyndafræði sem birtist í skólastarfi Reggio Emilia á Ítalíu.

Félagsleg hugsmíðahyggja

Hugsmíðahyggja er námskenning sem gengur út á það að einstaklingur skapar merkingu úr reynslu sinni en úr því verður afurð sem er ný þekking.

Námsumhverfi skiptir miklu máli í þessari námskenningu. Námsumhverfi sem er í anda hugsmíðahyggju á að vera styðjandi og leiðbeinandi fyrir börn í eigin þekkingarleit. Börn eiga að geta sambætt nýjar hugmyndir við fyrri þekkingu og þannig smíðað eigin skilning á sínum eigin forsendum með hjálp félaga sinna og kennara. Hlutverk kennarans er að skapa námsumhverfi sem er fjölbreytt, hvetjandi og auðugt. Einnig að vera með verkefni sem eru raunhæf og hafa niðurstöður sýnilegar í umhverfinu. Kennarinn á að vera fagleg fyrirmynd, leiðbeina börnunum og hvetja til samræðna og samvinnu.

Lev Vygotsky

Megin innihald kenninga Vygotskys snýr að því hvernig þróun skilnings og eða færni skapast hjá börnum í félagi við aðra. Hann taldi þekkingu barna byggja á persónulegri reynslu og að persónuleg reynsla og félagsleg reynsla væru óaðskiljanleg.

Reynsluheimur barna mótast af fjölskyldum þeirra, samfélaginu sem þau búa í, félagslegri stöðu þeirra, menntun og menningu. Skilningur þeirra á heiminum kemur frá gildum foreldra þeirra og daglegum samskiptum við önnur börn. Vygotsky taldi að nám barna færi að miklu leyti fram í gegnum leik. Því er eitt af meginhlutverkum leikskóla að veita börnum umhverfi þar sem þau geta byggt þekkingu sína og reynsluheim í gegnum samskipti við aðra og umhverfið.

Vygotsky talaði um svæði mögulegs þroska (e. zone of proximal development). Svæði mögulegs þroska er sú færni sem er á milli þess sem barn getur og eða skilur án aðstoðar og þess sem barn getur og eða skilur með hjálp kennara eða barna sem eru komin lengra í þroska. Samkvæmt Vygotsky er hlutverk kennarans að sjá barninu fyrir verkefnum sem liggja innan svæðis mögulegs þroska og fylgja þeim eftir með leiðbeiningum eða stuðningi.

Reggio Emilia

Í Reggio Emilia á Ítalíu hefur þróast einstök starfsaðferð þar sem meginmarkmiðið er að hvetja börnin til þess að nota öll skilningarvit sín við að læra. Þar þróaðist sú barnssýn að börn væru sterk og hæf og ættu skilið að borin sé virðing fyrir þeim. Uppeldissýnin tekur mið af þeim stað, því samfélagi sem hún er iðkuð í. Austurkór er í Kópavogi og endurspeglast sú staðreynd í menningu skólans. Við nýtum okkur margvíslegar aðferðir og kennslugögn í skólastarfinu til að námsupplifunin og uppgötvunin sé sem fjölbreyttust og hver og einn geti nýtt skynjun sína á margvíslegan hátt. Í starfsaðferðunum er notaðar aðferðir vísindamanna. Að staldra við, kanna, skoða, rannsaka og upplifa, spyrja spurninga og leita svara við þeim. Hlutverk kennara er að vera virkur í rannsóknarvinnu með börnunum, grípa hugmyndir barnanna og leiða þau áfram í námsferlinu. Mikilvægast er að skoða ferli sköpunarinnar en ekki einungis útkomuna og þess vegna skipta uppeldisfræðilegar skráningar miklu máli í skólastarfi í anda Reggio Emilia. Skráningar gefa kennaranum innsýn inn í lærdóm barnanna, hvað þau kunna, hvernig þau hugsa og læra. Einnig gefur það börnunum tækifæri til að endurupplifa ferlið, skoða það og segja frá og túlka ásamt því að gera starfið sýnilegra.

Líkt og listamenn fá hugmyndir og innblástur úr umhverfinu lítum við svo á að umhverfið vegi stóran þátt í að skapa umræður, vera innblástur fyrir hugmyndir í námsferlið og efla fagurþroska. Við tölum því um umhverfið sem þriðja kennarann og börnin eiga skilið að umhverfi þeirra sé áhugavekjandi og fallegt. Í Austurkór eru rými opin og síbreytileg og ýta þannig undir að börn fái tækifæri til að tjá sig á hundrað vegu.

Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi

Í leikskólastarfi á að skapa sérhverju barni bestu leikaðstæður sem völ er á.

Leikskóladagurinn inniheldur leik sem einkennist af skapandi og gagnrýnni hugsun og styrkleikar barnsins fá notið sín. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman. Einstök námssvið samtvinnast og hafa sviðin sín sérkenni og styrkjast með leiknum.

Grunnþættir menntunar

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Í Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim skapast heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti. Grunnþættir menntunar eru ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Stuðningur foreldra við uppbyggingu læsishæfni er mikilvægur og tryggja þarf stuðning með fjölbreyttum leiðum. Við í leikskólanum Austurkór höfum myndað okkur læsisstefnu sem við vinnum eftir og er hægt að nálgast hana á heimasíðu skólans. Einnig er þar að finna handbók skólans um snemmtæka íhlutun sem á að tryggja að öll börn fái málörvun við hæfi sem styrkir og eflir málþroska þeirra með áherslu á læsi í víðum skilningi.

Málörvun

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki sem við höfum til að tjá hugsanir okkar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Á fyrstu árum ævinnar er lagður grundvöllur að málþroska

barnsins. Má því segja að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er þegar kemur að mál og málörvun að börnin læri að tala vandað íslenskt mál, auki orðaforðann sinn og framsögn í gegnum leikskólagönguna. Þau læri að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og hafi góðar málmyndir.

Samverustundir

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og spjallað saman. Einnig er fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna að. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barna. Passað er upp á að efni þeirra sé miðað við aldur og þroska barnanna. Lögð er áhersla á að hafa samverustundir á hverjum degi í dagsskipulaginu. Að börnin eigi notalega stund saman, að lesnar séu sögur, sungið, farið í leiki, spjallað saman og fjallað um verkefni sem er verið að vinna að.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Ævintýraferðir

Í Austurkór er markvisst útinám og kallast það ævintýraferðir. Í ævintýraferðum upplifa börnin náttúruna og auka hreyfigetu sína með því að hreyfa sig og ögra sér í margs konar umhverfi. Aukin hreyfing leiðir af sér aukið sjálfstraust, aukna félagsfærni og einbeitingu. Líkamlega og andlega hraustari einstaklingar eru tilbúnari til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar.

Allar deildar fara í vikulegar ævintýraferðir þar sem markmiðið er að tengja það nám sem fer fram inn í leikskólanum við umhverfið. Fyrst og fremst eiga ævintýraferðirnar að vera skemmtilegar, fræðandi og styrkjandi. Hlutverk kennara í ævintýraferðum er að kveikja neista og viðhalda áhuga barnanna á að upplifa og njóta.

Ævintýraferðir er ein þeirra leiða sem hægt að nota til að auka skilning á og kenna góða umgengni við umhverfið. Börnin læra að bera virðingu fyrir þeim hættum sem geta leynst í umhverfinu undir öruggri handleiðslu starfsfólks. Þau verða einnig meðvitaðri um þau tækifæri sem leynast í umhverfinu. Lögð er inn umhverfismenntun til dæmis með því að týna rustl og reyna að halda umhverfinu hreinu. Ævintýraferðir snúast um ferðalagið en ekki ákveðinn áfangastað og eru sniðnar eftir aldri og þroska barnanna.

Náttúra og umhverfi

Nánasta umhverfi leikskólans er notað til að efla nám barnanna og umhverfið nýtt sem þriðji kennarinn.

Skólinn okkar er staðsettur við bæjarmörkin í nálægð við ósnortna náttúruna sem gaman er að nýta sér til dæmis í ævintýraferðum. Við höfum aðgengi að útinámssvæði í Magnúsarlundi, aðstöðu í Guðmundarlundi, hesthúsum í nágrenni okkar og holt og móa allt í kring. Einnig eru skemmtilegir leikvellar og hoppubelgir í nálægð við skólann.

Lýðræði og mannréttindi



Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskóla er frumkvæði barna efld og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.



Í leikskóla fá börn tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólar Kópavogs starfa eftir Jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti á sem víðtækustum grunni einnig er fjallað um jafnrétti í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla. Við í Austurkór störfum eftir jafnréttisáætlun skólans sem var gerð út frá Jafnréttisáætlun Kópavogs. Áætlunina er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Heilbrigði og Velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Gefa þarf börnum tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin og þar skipar umhyggjan stóran sess í starfi leikskóla.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og er lagt upp með að hver deild hafi reglulega hreyfistundir fyrir börnin. Hreyfistundirnar eru fjölbreyttar en það má nefna jóga, dans, þrautabrautir, leikir svo eitthvað sé nefnt. Stundirnar eru hafðar jafnt úti sem inni. Sérgreinastjóri sér einnig um hreyfistundir fyrir börnin. Í hverri viku er farið í ævintýraferðir þar sem hreyfing spilar stórt hlutverk. Með hreyfingu leggjum við áherslu á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, efla samskipti og læra ný hugtök.

Borðhald

Matartíminn og borðhald hefur mikið uppeldislegt gildi. Þar er gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra. Í leikskólanum er stuðst við heilsumatseðil þar sem lögð er áhersla á hollt, gott og næringarríkt matarræði og að matartíminn sé hugguleg og róleg stund þar sem öllum líður vel. Við leggjum áherslu á að börnin læri góða borðsiði, að þau læri að hjálpar sér sjálf miðað við aldur, getu og þroska. Þau séu hvött til að smakka allan mat og fái tækifæri til að æfa sig í að ganga frá eftir máltíðir.

Svefn og hvíld

Hvíld er afar mikilvæg í leikskóla. Börn eins til þriggja ára fá að sofa eins lengi og þau þarfnast eða í samráði við foreldra. Þriggja til fimm ára fá sína hvíld eða slökun í formi sögustundar, lesturs eða slökunaræfinga þar sem rólegt umhverfi spilar stórt hlutverk og allir fá sitt rými til að ná góðri slökun.

Hreinlæti

Hreinlæti er veigamikill þáttur í daglegu lífi barna. Við leggjum áherslu á handþvott eftir salernisferðir. Börnin eru hvött til þess að fara reglulega á salerni t.d. fyrir útiveru, matmálstíma og hvíld. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smíthættu. Börn þurfa ætíð af hafa aukafatnað að heiman því ávallt geta "óhöpp" hent, óháð aldri og þroska. Þegar kemur að matartímum er reynt að gæta hreinlætis. Yngri börn fá smekk til að vernda fötin og andlit og hendur er þrifið eftir hverja máltíð. Eldri börn þrifa sjálf andlit og hendur eftir máltíðir.

Að koma og fara

Það er lögð áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo því líði vel að koma í leikskólann og finni sig velkomið. Það skiptir máli að barnið finni öryggi og það viðmót sem það mætir hefur mikla þýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Nauðsynlegt er að foreldrar séu í samskiptum við starfsfólk bæði þegar barnið kemur og einnig þegar það er sótt svo að starfsfólk hafi yfirsýn yfir fjölda barna á hverri deild. Ef barnið er upptekið í leik eða starfi þarf að gefa því tíma til að ganga frá og kveðja.

Sjálfs hjálp

Í fataklefum skólans fer fram heilmikið uppeldis- og kennslustarf. Börnin læra að klæða sig að mestu sjálf og fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir

sjálfsmynd þeirra ásamt því að undirbúa þau fyrir grunnskólann. Börnin læra einnig að athuga hvernig viðrar og klæða sig í samræmi við það. Starfsfólk fylgist með að klæðnaður barnanna sé í samræmi við veður.

Útivera

Útivera er góð fyrir heilsu allra barna. Hún styrkir andlega líðan og eykur hreyfingu og er því mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Í útiveru gefast fullt af tækifærum til náms, t.d. að læra á nærumhverfið, um náttúruna og veðrið. Þar leika börnin sér frjálst, fara í skipulagða leiki, þrautabrautir, og þegar viðrar vel eru verkefni sem oft eru unnin inni tekin út. Í Austurkór er útivera stór hluti af daglegu starfi. Í útiveru sameinast börn og kennarar af öllum deildum sem gefur fjölbreyttara félagaval. Lóðin okkar er stór og býður upp á mikla möguleika fyrir leik í útiveru.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Listsköpun

Börn hafa mikla þörf fyrir að tjá sig og rannsaka umhverfið á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í Austurkór leggjum við áherslu á að börnin fái að tjá sig á frjálsan hátt í gegnum listsköpun og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Við vinnum út frá Reggio Emilia þar sem börnin eru rannsakendur í ferlinu og leiða verkefnið áfram. Kennarinn er þeim til stuðnings. Ferlið skiptir því meira máli og hvað við lærum á þeirri vegferð heldur en loka niðurstaðan og útkoman er aldrei fyrirfram ákveðin. Í Austurkór höfum við fjöldann allan af rýmum til að nýta við listsköpun. Við erum með Listasmiðju þar sem hægt er að vinna á ýmsan hátt að listsköpun. Einnig fer listsköpun fram inni á deildum og á göngum skólans. Í kringum jólin er salurinn okkar notaður til að skapa

jólagjafirnar. Ævintýraferðir eru stundum nýttar í tengslum við listsköpun, hvort sem er að fara á söfn, leiksýningar, tónleika eða safna efnivið fyrir listasköpun í skólanum. Listsköpun kemur líka mikið við sögu í kennaraþingum skólans og í tengslum við viðburði. Þá vinnur stundum skólinn saman að ýmiskonar listsköpun. Tónlist er ríkur þáttur í allri menningu og skipar stóran sess í leikskólastarfinu. Börn þroskast við að fá fjölbreytta reynslu af tónlist, söng og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Deildirnar eru duglegar að ýta undir reynslu barnanna með söngstundum, tónlistarstundum, fjörfundum, tónlist í kennaraþingum, hreyfistundum og svo framvegis.

Tónlist og söngur

Að kynna börn fyrir músíkölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, söng, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska. Tónlist og söngur er hluti af daglegu starfi í Austurkór. Það er starfræktur elstu barna kór sem æfir saman í hverri viku með það að markmiði að syngja fyrir foreldra sína og ættingja í útskriftinni sinni. Í skólanum eru hafðar tónlistastundir þar sem börnin fá að spreyta sig með hljóðagjafa, takt og hreyfingu. Það eru haldnir fjörfundir þar sem nemendur koma saman og syngja með börnum af öðrum deildum og síðast en ekki síst er sungið mikið yfir daginn í daglegu starfi sem og samverum. Söngurinn veitir börnunum mikla gleði, eykur orðaforða og kennir þeim takt og tjáningu.

Hlutverk leikskóla

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Áherslupættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar og þar má finna þá hæfnipætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér.

Leiðarljós Austurkórs



Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Trúnaður – og tilkynningarskylda

Skólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar sem varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef starfsfólk telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt, ber þeim að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Gildi skólans og lotur

Á fyrsta starfsári skólans voru haldnir fundir með þjóðfundarsniði. Þar kom saman starfsfólk og foreldrar með það að markmiði að finna í sameiningu áherslupætti skólastarfsins í Austurkór. Gengið var út frá hugmyndinni um hvaða færni börnin hafa öðlast að loknu námi í Austurkór. Börn sem útskrifast úr leikskólanum eiga að hafa öðlast færni í að vinna í hóp, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhyggð. Þau eiga að vera meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Afrakstur þessarar vinnu mótaði gildi Austurkórs en þau eru samvinna, lýðræði og atorka. Skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur

og eru gildin yfirheiti þeirra. Haustið byrjar á samvinnulotu, á nýju ári byrjar lýðræðislota og með vorinu tekur við atorkulota.

Samvinnulota

Þessi lota felur í sér að þjappa öllum saman, börnum, starfsfólki og foreldrum. Einnig að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki og nýjum reglum. Í samvinnulotu er lagður góður grunnur að samvinnu með öllum. Börnin öðlast færni í samskiptum og samvinnu. Þau læra að setja sig í spor annarra og deila hugmyndum og efnivið.

Lýðræðislota

Þessi lota felur í sér að kenna börnum að þau eigi sína eigin rödd en einnig að sýna rödd annarra virðingu. Þau læra sjálfstæði og að taka ábyrgð á eigin vali. Þau læra jafnframt að koma hugsun sinni í orð, hlusta á önnur sjónarmið og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Starfsfólk nær einnig að skoða hvernig lýðræði endurspeglast í starfinu, endurmeta og gera umbætur.

Atorkulota

Þessi lota felur í sér að hvetja börnin til að finna kraftinn hjá sér. Efla færni þeirra í fín- og grófhreyfingum. Þau læra á eigin dug og þor, auka úthald og seiglu og styrkja sjálfsmynd sína. Vera sá sem getur.

Aldursblöndun

Við trúum því að aldurblöndun á deildum hafi örvandi áhrif á félagslegan þroska barna og að það færi börnunum fjölbreyttari félagslegri skynjun en í aldurshreinum hópum. Aldursblöndun á deildum gefur börnum fleiri tækifæri til þátttöku og hlutverkum innan hópsins og ýtir undir forystuhæfileika eldri barna. Eldri börnin eru fyrirmyndir yngri barnanna og geta kennt þeim margt. Það eflir yngri börnin og eykur færni þeirra í daglegu starfi og einnig skapar það flóknari leikaðstæður fyrir yngri börnin sem örvar leik þeirra til þátttöku í hlutverkaleik.

Dagskipulag

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem getur þó verið sveiganlegt. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Í leikskólanum opnar ein deild klukkan 7:30 og er þar frjáls leikur. Klukkan 8:00 fara börnin með starfsmanni inn á sína deild og þar er frjáls leikur til klukkan 9:00. Milli 9 og 14 er skipulagt starf í leikskólanum. Á þessum tíma er meðal annars kennaraþing, skapandi starf, ævintýraferðir, hreyfing, frjáls leikur, samverustundir, ávaxta- og grænmetisstundir, sögustundir, samverur, blæstund, fjörfundur, elstu barnastarf, flæði og svo framvegis. Milli klukkan 14-16:30 er frjáls leikur og/eða útivera. Matmálstímar í leikskólanum eru þrír. Frá klukkan 8:30-9:00 er morgunmatur, milli 11-12 er hádegismatur og milli 14-15 er nónhressing. Um 12/12:30 er hvíldastund í leikskólanum en þá fer fram elstu barnastarf hjá elsta árganginum, yngri börnin leggja sig eða hlusta á sögu/tónlist í rólegu umhverfi. Klukkan 16:30 lokar leikskólinn.

Flæði

Hugmyndafræðin um flæði kemur úr jákvæðri sálfræði þar sem rýnt er í jákvæða eiginleika mannsins. Flæði er ástand þar sem fólk upplifir ánægju þegar það fæst við viðfangsefni þar sem það þekkir styrkleika sína, hefur áhuga á því og upplifir meiri gleði. Flæði í leikskólastarfi tengist beint grunnþættinum heilbrigði og vellíðan en með flæði er unnið á skýran hátt með vellíðan, styrkleika, að efla sjálfsmynd barna og að allir geti notið sín í fjölbreyttu starfi. Einnig fá börnin að hafa áhrif á hvaða viðfangsefni þau kjósa út frá sínum áhuga. Í flæði getur barn orðið niðursokkið í leiknum, gleymt stað og stund og truflast ekki vegna utan komandi áreitis. Í Austurkór er flæði haft á milli fleiri en einnar deildar og bíður það upp á enn fleiri viðfangsefni, fjölbreyttara félagaval, samskipti við breiðari hóp starfsfólks og hægt að nýta fleiri rými fyrir viðfangsefnin.

Kosning

Í Austurkór notum við þá aðferð að barnið getur kosið sér viðfangsefni og jafnframt haft áhrif á hvað er hægt að kjósa um. Fjölbreytt viðfangsefni eru í boði þar sem húsnaði og búnaður leikskólans nýtist sem best. Markmiðið með kosningu er að ýta undir áhuga, virkni, sjálfsvitund og sjálfstæði hjá börnunum. Einnig að þau læri að taka tillit til hvors annars og að leikurinn fái að njóta sín á forsendum barnanna.

Nám án aðgreiningar

Þó að öll börn eigi meira sameiginlegt en það sem aðgreinir þau, þá eru þau samt sem áður í eðli sínu ólík og hafa misjafna getu, þroska og reynslu. Taka þarf tillit til þarfa hvers

barns svo að þau fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Sérkennsla er viðbótarúrræði handa þeim börnum sem vegna aðstæðna sinna þurfa sérhæfðar leiðir til að þroskast og læra í samfélagi við önnur börn í skólanum. Ef þörf er á sérkennslu er horft til styrkleika hvers og eins og unnið út frá þeim. Við leggjum áherslu á góð foreldrasamskipti og að ákvarðanir og áætlanir séu gerðar í góðri samvinnu við foreldra.

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi í samráði við foreldra eru gerðar ráðstafanir um hvaða vinna fer í gang með barninu. Ef barn þarfnast nánari athugunar er það í umsjón sérkennslustjóra og deildastjóra að óska þess að fá aðstoð frá utanaðkomandi sérfræðingum s.s sálfræðing, iðjupjálfa eða talmeinafræðing.

Einstaklingsnámsskrár eru unnar eftir niðurstöðum úr prófum frá hinum ýmsu sérfræðingum í samráði við deildastjóra og foreldra og eru þær endurmetnar tvisvar til þrisvar yfir skólaárið. Sérkennslustjóri sér um að upplýsingar um einstaklinga fari á milli skólastiga í samráði við foreldra.

Hefðir og viðburðir

Í leikskólanum kynnast börnin ýmsu er við kemur menningu Íslendinga og annarra þjóða, til að mynda tónlist, hefðum og sögu. Í gegnum árin hafa myndast ákveðnar hefðir í leikskólanum sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Á skóladagatalinu og á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um hefðir og hátíðir sem skólinn heldur upp á. Hefðir og viðburðir veita tækifæri til lærdóms, gleði og eftirvæntingu en við í Austurkór tengjum viðburði oft við kennarapíngin okkar. Á sama tíma og börnin gera sér dagamun þá eru hefðir og viðburðir ákveðin fasti í skólaárinu sem veitir vist öryggi. Í leikskólanum læra börnin ýmislegt í tengslum við menningu ólíkra landa til dæmis þulur, kvæði, þjóðsögur, gamla leiki og fána þjóðanna. Margar skemmtilegar hefðir eru í Austurkór eins og að gera jólagjöf frá grunni, halda upp á vetrarsólstöður, halda upp á bóndadaginn, öskudaginn og alþjóðlega drullumalldaginn svo eitthvað sé nefnt. Margar af þessum hefðum eru árstíðabundnar eða tengdar hátíðis- og tyllidögum og gegna stóru hlutverki í menningu og skólabrag skólans. Það eru þó einnig hefðir sem eru yfir allt árið eins og það er starfræktur kór fyrir elstu börnin og haldin er stór fjörfundur í hverjum mánuði. Menning skólans og skólabragur er lifandi og getur tekið breytingum í gegnum árin. Nýjar hefðir myndast og aðrar breytast og einhverjar fá að fara að vel ígrunduðu máli.

Fjörfundir

Í leikskólanum eru reglulega haldnir fjörfundir. Vikulega er fjörfundur á hverjum gangi og einu sinni í mánuði hittist allur skólinn á fjörfundi. Á fjörfundum er sungið saman lög sem deildirnar eru búnar að vera að æfa yfir vikuna, stundum eru sagðar sögur, lesnar bækur,

leikin leikrit eða gestir koma í heimsókn. Markmið fjörfunda er að efla skólann í heild og tengja deildirnar meira saman í gegnum söng og leik.

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum og hluti af því er að leikskólarnir vinna eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Unnið er til að mynda að því að stuðla jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu, að börn, foreldrar og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum.



Unnið er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í leikskólum Kópavogs. Lögð er áhersla á að vinna með grunnstoðirnar fjórar sem eru eftirfarandi greinar; grein tvö sem fjallar um jafnræði og enga mismunun, grein þrjú sem fjallar um að við gerum ávallt það sem barni er fyrir bestu, grein sex sem fjallar um rétt barns til að lifa og þroskast og að síðustu grein tólf sem fjallar um rétt barns til að tjá sig. Á vefnum [Barnasáttmálinn](#) má finna fróðleik um hann og þar eru einnig upplýsingar um Barnasáttmálann á hinum ýmsu tungumálum.



Leikskólar Kópavogs vinna eftir hugmyndafræði Réttindaskóla UNICEF þar sem sáttmálinn er til grundvallar í öllu starfi og hefur hluti af þeim hlotið viðurkenningu eða hafið innleiðingarferli. Lögð er áhersla á að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

Lýðræði og mannréttindi fléttast í gegnum allt starf leikskólanna og kallast á við grunnstoðir Barnasáttmálans.

Það er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti í daglegu starfi í Austurkór. Börnin eru hvött til að hafa áhrif á líf sitt og leik í leikskólanum með tilliti til aldurs og þroska. Þessum áherslum náum við fram með námi án aðgreiningar, lýðræðislotu, Barnasáttmálanum, Heimsmarkmiðunum, kosningu, flæði, kennaraþingi og aðferðafræði Reggio Emilia.

Leikur og nám

Leikur er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn er menning í mótun í allri sinni fjölbreytni og kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Í leik felst félagsleg sjálfbærni í að skapa samfélag þar sem öll börn eru velkomin og hafa tækifæri til að tilheyra, taka þátt og læra það sem gagnkvæm umhyggja er höfð að leiðarljósi. Að tilheyra er að taka virkan þátt í leik með öðrum og að vera hluti af hópnum og veitir það börnum ánægju.

Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en jafnframt er það ábyrgð leikskólakennara að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman í leik barna.

Sjálfspróttinn leikur

Börn hafa útskýrt athafnir sínar sem leik þegar þau hafa frumkvæði og stjórn, geta tekið sér hlutverk eða skapað ímyndaðar aðstæður, notað efnivið á fjölbreyttan hátt og sett reglurnar sjálf. Það að börn hafi frumkvæði að leik tengist því að hafa frelsi til þess að velja hvar þau eigi að leika, hvert þema leiksins er, hvenær leikur hefst, hvenær hann endar og hvaða efnivið eigi að nota. Þá þurfa börn einnig að geta valið sér leikfélaga, því vinátta og félagsleg tengsl eru þeim mjög mikilvæg. Börn þurfa tíma til þess að undirbúa athafnir sínar, þau þurfa viðeigandi efnivið, tungumál og stuðning en þannig er líklegt að úr verði leikur sem þau geta viðhaldið, þróað og lært af. Börn þurfa ekki umbun fyrir þátttöku sína í leik, leikurinn er umbun í sjálfum sér.

Yngstu börnin

Leikur yngstu barna einkennist af líkamlegri tjáningu, áhuga þeirra og þörfum og því þarf að skipuleggja námsumhverfið út frá barnahópnum hverju sinni. Félagsleg einkenni koma snemma í ljós og eru til staðar í samhliða leik yngstu barna. Þau viðhalda leik með því að nota meðal annars augnsamband, líkja eftir athöfnum hvers annars og tjá sig með hljóðum og orðum.

Valdefling

Valdefling barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, að börn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og læri að byggja á þeim í merkingarsköpun sinni. Að umhverfi sé skipulagt á þann hátt að börn geti valið svæði, félaga og nálgast efniviðinn sjálf stuðlar að valdeflingu þeirra.

Fjölskynjun

Umhverfi leikskóla á að örva fjölskynjun og styðja við sköpunarkraft barna svo sem með myndsköpun, tónlist, dans, leikrænni tjáningu, vinnu og leik með orð og efla þannig á sama tíma fjölskynjun í leik.

Hlutverk kennara í leik barna

Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum tíma, rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Leikskólakennarar fylgjast með leik barna og veita athygli því sem þar gerist, taka þátt í leiknum beint eða óbeint, gefa þeim tækifæri til að þróa og dýpka leikinn sem eflir þau um leið í námi og þroska.

Blær

Í leikskólanum tökum við þátt í vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Vináttubangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og fá öll börn í leikskólanum lítinn bangsa til að hafa á deildinni og fylgir hann þeim í gegnum leikskólann. Blæstundir eru í hverri viku þar sem fjallað er um vináttu, kærleika, samvinnu og hjálpsemi. Þar eru lesnar sögur, sungin lög, farið í gegnum nuddsögur, leyst úr klípusögum og talað saman. Verkefnin taka mið af aldri barnanna.

Hugafrelsi

Í nútímasamfélagi verja börn stærsta hluta dagsins í leikskólanum. Það er því mjög mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um andlega líðan barnanna og að þeim séu kenndar leiðir til að veita líðan sinni athygli. Eitt af þeim verkfærum sem við nýtum til þess er Hugafrelsi. Þar læra börnin öndunaræfingar, slökun, jóga og að þekkja styrkleika sína og tilfinningar.

Lubbi

Í Austurkór er unnið með bókina Lubbi finnur málbein í tengslum við læsi og málörvun. Hugmyndasmiðirnir á bak við Lubba, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar sem hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna. Námsefnið býður upp á nýja framsetningu á íslensku mállhljóðunum og leggur góðan grunn að lestrarnámi auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Í hverri viku er eitt mállhljóð tekið fyrir ásamt lagi og sögu sem tengist þessu mállhljóði og ferðalagi Lubba. Einnig er hreyfing sem börnin læra sem hjálpar að festa nýja mállhljóðið á minnið.

Numicon

Við í Austurkór nýtum numicon með börnunum því það er byggt upp með þeim hætti að nýta styrkleika barnanna. Þessir styrkleikar eru að læra í gegnum leik, tilfinning barnanna fyrir mynstrum og góð eftirtekt. Numicon er hægt að nýta á mjög fjölbreyttan hátt þar sem börnin geta handleikið kubbana, rannsakað, kannað mismunandi mynstur, séð tengsl á milli talna út frá myndum. Numicon er einnig mjög skemmtilegt að nýta með öðrum efnivið. Meginhugmyndin er að börn skilji og átti sig á að tölustafir eru ekki bara tákn sem hafa verið sett niður á blað af handahófi, heldur mynda þeir skipulagt kerfi þar sem alls konar mynstur koma fyrir.

Útinám

Útinám er ein af áherslum skólastarfsins í Austurkór. Rannsóknir hafa sýnt að í útinámi fer fram virkt nám þar sem börnin fá tækifæri til að nota öll skynfærin sín til að nema. Nánasta umhverfi leikskólans er notað til að efla nám barnanna og umhverfið nýtt sem þriðji kennarinn. Skólinn okkar er staðsettur við bæjarmörkin í nálægð við ósnortna náttúru. Við höfum aðgengi að útinámssvæði í Magnúsarlundi og Guðmundarlundi og holt og móum allt í kring. Í Austurkór er markvisst útinám og kallast það ævintýraferðir. Í ævintýraferðum upplifa börnin náttúruna og auka hreyfigetu sína með því að hreyfa sig og ögra sér í margs konar umhverfi. Aukin hreyfing leiðir af sér aukið sjálfstraust, aukna félagsfærni og einbeitingu. Líkamlega og andlega hraustari einstaklingar eru tilbúnari til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar.

Kennaraþing

Í Austurkór tölum við um þingstörf hjá börnunum. Þau kjósa sér viðfangsefni yfir daginn. Eitt af því sem þau geta kosið sér er kennaraþing. Kennaraþing er verkefni sem starfsfólk heldur utan um og er byggt út frá þeirri lotu sem er í gangi, þeim viðburðum sem eru framundan á skóladagatalinu og/eða áhuga barnanna. Dæmi um viðburði er dagur náttúrunnar, dagur íslenskrar tungu og bóndadagurinn. Ástæðan fyrir því að þessi verkefni heita kennaraþing er það að þau reyna á hæfni starfsfólksins. Það þarf að finna upphafspunkt í verkefninu út frá áhuga barnanna og þemanu hverju sinni, flétta þar inn hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá leikskóla og verkefnið þarf að taka tillit til aldursbreiddar deildarinnar. Þegar verkefnið er unnið þarf starfsfólk að skrá ferli verkefnisins, vera meðvitað í hvaða átt áhugi barnanna er að leiða verkefnið og vera leiðbeinandi fyrir börnin. Áherslan er á ferlið en ekki á fyrir fram ákveðna niðurstöðu.

Sjálfstýrandi þing

Sjálfstýrandi þing fara fram samhliða kennaraþingum og taka hefðbundið leikefni/verkefni og setja það í nýjan búning eða fara með það aðeins dýpra en í frjálsum leik. Sjálfstýrandi þing eru oftast byggð á áhuga barnanna og eins og kennaraþing þá taka þau mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár leikskóla og aldursbreidd deildarinnar. Sjálfstýrandi þing er þó þannig að börnin eru að miklu leyti sjálfstæð í þessum leik/verkefnum og er það þaðan sem nafnið kemur (sjálfstýrandi).

Námsumhverfi

Í leikskóla þarf að skapa börnum á þeirra forsendum þau skilyrði til náms og vellíðan til að stuðla að farsæld. Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatta, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Leikskólakennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.

Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börnum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka. Í leikskólanum Austurkór er unnið út frá leikfangastefnu sem var gerð út frá okkar viðhofum og gildum. Hægt er að nálgast stefnuna á heimasíðu skólans.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhofum og þekkingu hverra annarra. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Virk þátttaka í leikskólastarfi er mikilvægur undirbúningur fyrir farsæla skólagöngu og getur lagt grunn að virkri samfélagsþátttöku. Í leikskólanum er áhersla lögð á að öll börn nái árangri í námi og leik, beri virðingu fyrir hvert öðru, standi vel að vígi félagslega og fái jöfn tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Að börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn kynnast tungumálinu og möguleikum þess og nýta tækifærin sem gefast í daglegu leikskólastarfi.

Inngilding

Að tilheyra samfélagi leikskólans hefur jákvæð áhrif á vellíðan barna, þau finna að á þau sé hlustað, geti tekið virkan þátt og upplifa sig sem hluti af heildinni. Inngilding vísar til margbreytileika þar sem jaðarsetning viku og felur meðal annars í sér að virða ólíkan menningarbakgrunn, tungumál og tjáningarform. Með inngildingu byggjum við sterkt og opið samfélag þar sem öllum býðst að taka þátt á eigin forsendum. Inngilding hefur margar birtingarmyndir og snýst um að skoða ólíkar þarfir, ólíkra einstaklinga, til að öll geti upplifað jöfn tækifæri.

Leikskólar Kópavogs styðjast við [móttökuhandbók](#) sem veita starfsfólki upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Tilgangurinn er að bæta aðferðir leikskólanna við móttöku barnanna og gera þær enn skilvirkari, þannig að börn og foreldrar þeirra upplifi sig velkomin og örugg í nýjum leikskóla. Leikskólinn Austurkór hefur myndað sér málstefnu sem hann vinnur eftir og er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Fullgilding

Fullgilding er hluti af grunnþörf einstaklinga um að tilheyra hópi í gagnkvæmum félagslegum tengslum, stöðum eða hlutum. Það vísar til dæmis til félagslegra samskipta barna, þátttöku þeirra og þess að tilheyra leikskólasamfélaginu. Fullgilding getur haft áhrif á nám, hegðun, líðan og sjálfsmynd. Umhverfið getur stutt við og hindrað fullgildi barna og því þarf að huga að rými og efnivið.

Farsæld barna

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi. Farsæld vísar í aðstæður þar sem barn getur náð fullum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Lögin tryggja síðan að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og barnið verður þannig hjartað í kerfinu. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni en [hér](#) er hægt að kynna sér breytingarnar nánar. En til þess að styðja við að börnin fái rétta þjónustu, frá réttum aðilum, á réttum tíma geta þau óskað eftir [samþættri þjónustu](#) í þágu farsældar barna. Samþætt þjónusta er samhæfð stuðningsþjónusta með áherslu á samvinnu og greiðari boðleiðir á milli mennta-, velferðar- heilbrigðis- og tómstundakerfis. Samþættingin getur verið tímabundin vegna ákveðinna aðstæðna sem upp koma eða langvarandi.

Barna- og fjölskyldustofa ([BOFS](#)) styður jafnframt við samþættingu þjónustu með leiðbeiningum og stuðningsefni fyrir þá sem þjónusta börn og foreldra, auk upplýsinga til barna og foreldra þeirra.

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta mótask af heildarsýn á aðstæðum og hagsmunum barna, ásamt virku samstarfi við foreldra. Lögð er áhersla á að stuðla að farsælu skólastarfi og er það gert m.a. með fræðslu til þeirra sem hafa með málefni barna að gera, upplýsingaöflun um nám og líðan þeirra og samstarfi við þá aðila sem standa utan við skólasamfélagið og sinna forvörnum. Við skipulag og framkvæmd skólaþjónustunnar skulu eftirfarandi áherslupættir hafðir til hliðsjónar: snemmtæk íhlutun, samvinna og fræðsla. Áhersla er jafnframt lögð á snemmtækt mat á stöðu barna og ráðgjöf með það að markmiði að þau fái kennslu, stuðning og þjálfun við hæfi í skóla án aðgreiningar.

Sérkennslustjórar starfa í leikskólum Kópavogs og veita m.a. ráðgjöf til foreldra, bera ábyrgð á og stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum og annast frumgreiningu og ráðgjöf til starfsfólks. Hann ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli sérkennsluráðgjafa/verkefnastjóra skólaþjónustu og starfsfólks leikskólans. Ásamt því að hafa umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu.

Önnur sérfræðiþjónusta s.s. þjónusta sálfræðinga, iðjuþjálfra, talmeinafræðinga og sérkennsluráðgjafa er veitt gegnum leikskóladeild menntasviðs Kópavogs.

Tengsl skólastiga

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sem leikskólar varðveita. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Mat og eftirlit

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist við að

stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólar Kópavogs þróa fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf mat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt, áreiðanlegt og meti það sem það á að meta.

Leikskólar Kópavogs styðjast við ýmsar skimanir til að meta þroska og framfarir barna. Eftirfarandi skimanir eru nýttar:

TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Hægt er að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga með TRAS.

EFI-2 málþroskaskimun er ætlað að finna þau börn á fjórða ári sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.

Hæfnirammur í íslensku fyrir fjölotyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Viðmið Hæfnirammanna sýna þróun á færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná á þessu fyrsta skólastigi.

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans.

Við nýtum niðurstöður skimana til að átta okkur betur á hvar styrkleikar og veikleikar barnanna liggja varðandi þroska og framfarir barnanna. Með því getum við gripið inn í ef þurfa þykir og boðið upp á markvissa vinnu fyrir þau börn sem ekki ná meðalfærni við skimun.

Hugmyndir um nám án aðgreiningar og heildtæka skólastefnu er í samræmi við kenningar John Dewey. Hann kvað skýrt á um að líta bæri á hvert barn sem einstakt. Hann sá fyrir sér skóla sem lýðræðislegt samfélag þar sem mismunandi einstaklingar læra að lifa saman og hver einstaklingur leggur sitt að mörkum. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barna efla vináttubönd og styrki samkennd

þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávík í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem Kópavogsbær setur þar um. Lögð er áhersla á ... að börn fái notið sín í barnahópnum á eigin forsendum. að börn njóti leikskóladvalar sinnar. að kennarar séu meðvitaðir um þarfir hvers barns. að veita hverju og einu barni viðfangsefni við hæfi. Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Sérkennslustjóri gerir athugun á barni og ákveður í samráði við leikskólastjóra, deildarstjóra og foreldra hvert sé næsta skref. Ef barn þarfnast nánari athugunar er það í umsjón sérkennslustjóra og deildarstjóra að óska þess að fá aðstoð frá utanaðkomandi sérfræðingum. Einstaklingsnámskrár eru unnar eftir niðurstöðum úr athugunum frá sérfræðingum og eru þær endurmetnar eftir þörfum. Sérkennslustjóri sér um að upplýsingar um einstaklinga fari á milli skólastiga.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat í leikskólum

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna.

Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu, stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kerfisbundið mat greinir hvað gengur vel og hvað betur mætti fara og síðan eru teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Í leikskólum Kópavogs eru reglulegar kannanir lagðar fyrir foreldra, starfsfólk og stjórnendur. Niðurstöður eru nýttar til umbóta í leikskólanum. Niðurstöður gefa stjórnendum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar og starfsfólk eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Matsaðferðir eru ýmist notaðar annað eða fjórða hvert ár.

Í leikskólum Kópavogs meta börnin starfið reglulega yfir árið. Hver leikskóli velur aðferð hverju sinni til að mynda er myndrænt mat, notast við hugarkort og kosningar. Niðurstöður innra mats og umbótaáætlunar er birt í starfsáætlun leikskólans.

Endurmat á námsþáttum

Námsþættirnir Læsi og samskipti, Heilbrigði og vellíðan, Sjálfbærni og vísindi og Sköpun og menning eru metnir reglulega hjá leikskólum Kópavogsbæjar. Endurmat er gert á einum námsþætti á hverju ári og stýrir Kópavogsbær hvaða þáttur er metin. Skipuð er endurmatsnefnd innan skólans sem sér um þetta mat ár hvert og eru niðurstöður þessa mats notaðar við gerð starfsáætlunar fyrir næsta ár. Við í Austurkór teljum þetta vera mjög mikilvægan þátt í innra mati á okkar starfi og fáu með okkur bæði foreldra og börn í að meta þennan þátt hverju sinni.

Starfsáætlun deilda

Á hverju ári gera deildirnar starfsáætlun fyrir sína deild með starfsáætlun skólans til hliðsjónar. Með starfsáætlun deilda er hægt að setja sér markmið og leiðir fyrir skólaárið sem vinna ekki bara að sýn deildarinnar heldur alls skólans. Með þessu er hægt að gera starfið sýnilegra, endurmeta jafnóðum og auðveldara að sjá ef eitthvað þarf að bæta og hvað er vel gert.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru haldin þrisvar á ári af leikskólastjóra og/eða af aðstoðarleikskólastjóra. Farið er eftir sérstöku viðtalsformi frá Kópavogsbæ. Þessi viðtöl gefa leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra innsýn inn í starfsmannahópinn, andrúmloftið á hverri deild og líðan starfsfólks og gefur þeim færi á að bregðast við ef nauðsynlegt er. Einnig gefa þessi samtöl innsýn inn í starf deildanna, hvað mætti betur fara og hvað gengur vel.

Ferilmappa

Öll börn í leikskólanum eiga sína ferilmöppu sem fylgir þeim út leikskólagönguna. Í möppuna fara verkefni sem starfsmenn velja sérstaklega. Þessi verkefni sína styrkleika, getu, þroska, árangur og þrautseigju barnanna á mörgum sviðum yfir leikskólatímabilið. Ferilmappan gefur starfsfólki og foreldrum betri innsýn í nám barnanna og er grundvöllur fyrir bæði starfsmenn og foreldra til virkra umræðna í foreldrasamtölum. Einnig hjálpar mappan starfsmönnum að vera meðvitaðri hvaða aðstoð er þörf og að varpa ljósi á námslegar þarfir barnsins. Ferilmappan byggist upp út frá hinu jákvæða í fari barnsins (barnsýninni) og með Aðalnámskrá Leikskólanna til hliðsjónar. Hún gerir jafnframt starfið sýnilegra og er hægt að fylgjast betur með þeirri þróun sem á sér stað í náms- og sköpunarferli barnsins.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Deildarstjóri leikskóladeildar í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Lögð er fyrir könnun á vegum Skólapúlsins fyrir foreldra og starfsfólk annað hvert ár. Markmið með Skólapúlsinum er að útvega skólastjórnendum og leikskóladeild áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu.

Skólapúlsinn metur meðal starfsfólks 23 þætti, þ.á.m. vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs, starfsanda, einelti og áreiti. Skólapúlsinn metur meðal foreldra 31 matsþátt, þ.á.m. daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu.

Skrifstofa mannauðs- og kjaramála Kópavogsbæjar leggur fyrir starfsfólk annað hvert ár vinnustaðagreiningu. Markmið með vinnustaðagreiningu er að mæla starfsánægju, almenna líðan í starfi, hollustu og helgun starfsfólks.

Eldvarnareftirlit er í höndum húsumsjónarmanns fasteigna og er gerð mánaðaleg úttekt á helstu atriðum sem tengjast eldvörnum. Jafnframt fara elstu börnin í vetfangsferð um leikskólann ásamt kennara til að ganga úr skugga um að eldvarnareftirliti sé sinnt.

Einu sinni á ári er gerð úttekt á útisvæði og er sú úttekt gerð af garðyrkjudeild Kópavogsbæjar.

Heilbrigðiseftirlitið kemur í heimsókn í leikskólann einu sinni á ári og gerir úttekt á eldhúsi, ef upp koma athugasemdir þá er unnið að úrbótum strax.

Vinnueftirlitið kemur í heimsókn í leikskólann einu sinni á ári og gerir úttekt á leikskólanum, ef upp koma athugasemdir þá er unnið að úrbótum strax.

Starfsáætlun skólans

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs ásamt niðurstöðum skimana og framvindu þeirra. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana

Starfsfólk

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla. Að auki er heimilt að ráða starfsfólk með fjölbreytta reynslu og menntun til að

annast uppeldi og menntun barna. Starfsfólk skal sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Starfsfólki ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld barna ásamt því að fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt. Starfsfólki leikskóla ber að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi. Starfsfólk leikskóla er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Leikskólinn Austurkór hefur myndað sér starfsmannastefnu sem farið er eftir og hægt er að nálgast hana á heimasíðu skólans.

Samstarf við foreldra

Markvisst er unnið að því að auka samráð við foreldra og styrkja aðkomu þeirra að leikskólastarfi. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð og farsæld barna að markmiði ásamt því að aðstoða foreldra við stofnun foreldrafélags. Leikskólastjóri skal jafnframt hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð við leikskóla.

Upplýsingar

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrar og forráðamenn fá sendan póst með upplýsingum um skólann, deildina og aðlögunina.. Leikskólinn heldur einnig úti heimasíðu [Leikskólinn Austurkór](#) þar sem finna má helstu upplýsingar um skólann og starfið. Stjórnendur skólans nýta tæknina til að koma á framfæri upplýsingum um starfið og auglýsa viðburði í leikskólanum. Fara þær upplýsingar mest í gegnum tölvupóst, Völu og heimasíðuna.

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun frá upphafi. Nýir foreldrar fá sendan tölvupóst með upplýsingum um skólann, aðlögunarferli og atriði sem gott er að hafa í huga þegar barn byrjar í leikskóla. Foreldrar fá einnig fundarboð á kynningarfund. Á þeim fundi er starfsemi skólans kynnt og gefst tækifæri til að spyrja um aðlögunina og skólastarfið. Þetta er gert til að auka tengsl stjórnenda við foreldrahópinn. Aðlögunin er einstaklingsbundin og er misjafnt hve langan tíma hún tekur en venjulega er miðað við 5 daga. Skipulagning aðlögunarinnar er í höndum deildarstjóra. Foreldrar eru með barninu

fyrstu dagana en eftir því sem barnið öðlast meira öryggi, draga foreldrarnir sig í hlé. Aðlögunina getur þurft að endurtaka hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma.

Aðlögun milli deilda

Aðlögun á milli deilda er yfirleitt hópaðlögun þar sem börnin færast á sama tíma yfir á nýja deild en reynt er að láta starfsmann fylgja börnunum fyrstu dagana. Byrjað er að fara með börnin í stuttar heimsóknir fyrir flutning til þess að kanna aðstæður, hitta starfsfólkið á nýju deildinni og börnin sem eru þar fyrir. Daginn sem börnin flytja á milli deilda mæta þau í byrjun dags á gömlu deildina sína og fá aðstoð við að flytja fötin sín og dótið sitt yfir á nýju deildina í nýja hólfið sitt. Foreldrar sækja svo börnin sín á nýju deildina í lok leikskóladagsins.

Kynningafundur

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldinn að vori. Á fundinum er skólanámskrá og daglegt starf kynnt, gerð er grein fyrir leikskólagjöldum, dvalartímum og þagnarskyldu starfsfólks. Foreldrar eru upplýstir um foreldrafélag og foreldraráð sem starfrækt er við leikskólann. Deildarstjórar sjá um að kynna deild barnsins fyrir foreldrum. Ef barn byrjar á öðrum árstíma en hausti fá foreldrar þess viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra þar sem farið er í sömu atriði og á kynningarfundum að vori.

Foreldrafundur

Tilgangur foreldrafunda er að miðla upplýsingum um starfið í skólanum. Skólanámskrá og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar og skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í skólastarfinu. Foreldrafundur með öllum foreldrum er haldinn að hausti og þar er starfið kynnt ásamt því að deildastjórar kynna áherslur í skólastarfi deildanna.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar bjóða foreldrum samtal tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Í foreldrasamtölum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Einnig geta foreldrar haft samband símleiðis við kennara eða með tölvupósti.

Heimasíða

Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um starf skólans svo sem aðlögun, endurmat, skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig er þar að finna nýjustu fréttir og matseðil vikunnar. Hver deild hefur sína krækju og þar er hægt að sjá starfsfólk og símanúmer deildarinnar.

Foreldrafélag

Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja við starf leikskólans með ýmsum hætti s.s. með aðkomu að jólatrésskemmtun, öskudegi, og sumarhátíð. Markmið foreldrafélagsins er að auka virkni meðal foreldra, stuðla að velferð barnanna og síðast en ekki síst að hvetja til aukinnar samvinnu milli foreldra og starfsfólks leikskólans. Hægt er að nálgast upplýsingar um foreldrafélagið og um kjörna fulltrúa hverju sinni á heimasíðu skólans

[Foreldrar](#)

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi og fundar reglulega yfir skólaárið. Hægt er að nálgast upplýsingar um foreldraráð og um kjörna fulltrúa hverju sinni á heimasíðu skólans [Foreldrar](#)

Allir fulltrúar í foreldraráðum leikskóla Kópavogs eru kjörgengnir í framboð til setu í leikskólanefnd. Kosið er um einn fulltrúa í nefndina og einn til vara til eins árs í senn.

Öryggismál

Kópavogsbær hefur sett sér það markmið að vera slysalaus vinnustaður. Til að svo megi verða þarf að efla öryggisvitund starfsfólks og stuðla að öflugri öryggismenningu.

Kópavogsbær leggur áherslu á að öryggi starfsfólks, nemenda og annarra þjónustuþega sé í fyrirrúmi og að leita allra leiða til að efla öryggi.

Forvarnir og góð vinnubrögð skapa öruggara umhverfi sem fyrirbyggir óhöpp og slys. Í öryggisstefnu bæjarins felst meðal annars að á öllum vinnustöðum verði til staðar virkar öryggisnefndir og starfsfólk bæjarins vinni eftir samþykkt um öryggismál.

Í Austurkór er vel haldið utan um allar slysaskráningar og endurbætur gerðar ef þurfa þykir. Rýmingaráætlun er til staðar og er æfð reglulega yfir árið. Hægt er að nálgast hana á heimasíðu skólans undir [Öryggismál](#) og þar er einnig hægt að sjá hverjir sitja í öryggisnefnd hverju sinni. Í leikskólanum er öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Í öryggisnefnd sitja leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Áfallaráð

Áfallaráð er teymi innan skólans sem er ávallt í viðbragsstöðu ef upp koma áföll í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða. Hægt er að nálgast áfallaáætlun skólans og hverjir sitja í áfallaráði inn á heimasíðu skólans [Öryggismál](#).